



ÁRSSKÝRSLA 2018-2019

EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Ávarp stjórnarformanns	4
Formáli	5
Starf stjórnar frá maí 2018 til maí 2019:	
Skipan stjórnar, stjórnarfundir, nokkrir punktar	5
Skipan fulltrúaráðs, breytingar á samþykktum STEFs	6
Ytra umhverf - umsagnir STEFs til Alþingis	7
Helstu verkefni starfsársins:	
Hugbúnaðarmál og þróun	8
STEF aftur á Laufásveginn	9
Ný úthlutun miðsumars	9
Langspilið - verðlaun STEFs	9
Heiðursmerki STEFs	10
Stórsigur höfunda í baráttunni við tæknirisana	10
Íslensku tónlistarverðlaunin	11
Dagur íslenskrar tónlistar	11
Sigur í Hæstarétti - ólögsmæt dreifing	11
Viðburðir af ýmsum toga:	
Námskeið - kórútsætningar	12
Vinnustofur með tónlistarráðgjöfum	12
Smellasmíði	12
Námskeið um tónlistarforleggjara	12
Tilbúin(n) til útflutnings?.....	13
Textagerð á ensku - vinnustofa	13
Tengd félög, nefndir og ráð	14
Menningarsjóður	15
Ráðstöfun menningarframlags STEFs af hálfu aðildarfélaganna:	
Greinargerð frá Félagi fónskálda of textahöfunda	16
Greinargerð frá Tónskáldafélagi Íslands	16
Tölfræði og nokkrar lykiltölur úr ársreikningi 2018	19

Ávarp framkvæmdastjóra

Árið 2018, sem við nú gerum upp, var að mörgu leyti sérstakt fyrir STEF. Það einkenndist mjög af því að fram í nóvembermánuð vorum við í bráðabirgðahúsnæði að Ármúla 7, en nauðsynlegt reyndist að flytja starfseminu tímabundið af Laufásvegi á meðan þar voru gerðar gagngerar endurbætur. Á þessum tímamótum var ákveðið að horfa til framtíðar og fara í þarfa- og kostnaðargreiningu á því annars vegar að eiga áfram húsnæðið að Laufásvegi, eða selja það og leigja húsnæði undir starfseminu. Ég var afskaplega ánægð með þá niðurstöðu stjórnar STEFs að vera áfram á Laufásveginum. Hafði þar töluvert að segja möguleikinn á að halda viðburði og námskeiði í kjallaranum, sem og bakgarðurinn góði, en hann hefur verið vel nýttur í gegnum tíðina af starfsfólki og gestum. Við erum stolt að bjóða fólk velkomnið á Laufásveginn í nýtt og endurbætt húsnæði.

Sem betur fer stendur fjárhagur STEFs traustum fótum og voru til fjármunir til þessara endurbóta. Viðgerðin hafði því engin áhrif á úthlutun STEFs, en í fyrra var úthlutað hærri fjárhæðum til rétthafa en nokkru sinni. Allar tíma- og kostnaðaráætlanir vegna viðgerðanna stóðust vel og ber að þakka Verksýn, sem hafði yfirumsjón með framkvæmdunum og RH smíðum, sem tók að sér verkið eftir útboð.

Á árinu lét Sigríður Guðjónsdóttir, móttökustjóri og gjaldkeri, af störfum. Sígga var um árabíl andlit samtakanna og tók á móti öllum með brosi og þjónustulipurð. Sinnti hún starfi sínu ávallt af fagmennsku og ósérhlífni og vil ég nota tækifærið og þakka Siggu hjartanlega fyrir vel unnin störf og góðar stundir.

... Ein helsta áskorun STEFs í dag er ör tækniþróun og auknar kröfur til sjálfvirkni ...

Ein helsta áskorun STEFs í dag er ör tækniþróun og auknar kröfur til sjálfvirkni, skjótra úthlutana, aukins upplýsingaflæðis, sem og gott viðmót á netinu til skráningar á verkum og tónleikum, svo eitthvað sé nefnt. STEF brást við þessu með að ráða á árinu í fyrsta sinn sérstakan verkefnisstjóra hugbúnaðarþróunar. Sjáum við árangur af vinnu hans nú þegar eftir u.þ.b. hálfis árs starf. Munu meðlimir STEFs innan skamms einnig sjá ýmsar tæknilegar nýjungar sem að þeim snúa, s.s. eins og endurbætta heimasíðu og breyttar og betri „mínar síður“.

Árið 2018 einkenndist einnig af vinnu við breytingar á samþykktum STEFs. Breytingarnar voru nauðsynlegar til að uppfylla skyldur STEFs samkvæmt tilskipun ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttar, en þegar þetta er skrifað liggur fyrir Alþingi frumvarp til innleiðingar á þessari tilskipun. Breytingarnar á samþykktunum urðu þó á endanum mun umfangsmeiri en það sem leiða má af kröfum þessarar tilskipunar. Vinnan hefur tekið nokkur ár og voru breytingar að lokum samþykktar á framhaldsaðalfundi í október 2018. Vil ég sérstaklega þakka Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni, formanni fulltrúaráðs STEFs, sem og þeim Óttarri Proppé, Atla Ingólfssyni og Hafdísu Huld Bjarnadóttur, en þau sátu með undirritaðri tugi funda vegna þessa máls og sýndu þolgæði og vandvirkni í störfum sínum.

Reykjavík, 24. maí 2019

Með kærri kveðju,



Guðrún Björk Bjarnadóttir

Samstaða er öllum til heilla

Ávarp stjórnarformanns STEFs

Á nýliðnu starfsári voru þó nokkrar breytingar á innra starfi STEFs. Töluverð endurnýjun varð innan stjórnarinnar auk þess sem undirrituð tók við sem formaður á síðasta aðalfundi fulltrúaráðs. Ný stjórn hóf starfsárið m.a. á því að setja sér starfsreglur sem hún starfar nú eftir, auk þess sem nýjar samþykktir samtakanna voru samþykktar á framhaldsaðalfundi fulltrúaráðs í október, eftir áralanga undirbúningsvinnu. Það er fullt tilefni til að þakka enn og aftur öllum þeim meðlimum sem lögðu á sig mikla vinnu í tengslum við að útfæra nýjar samþykktir, sem og öllum samningsaðilum. Málið endaði á að vera leitt til lykta í góðri sátt og var sú tillaga sem að lokum var lögð fyrir framhaldsaðalfundinn samþykkt í einu hljóði. Mikil samstaða hefur verið innan stjórnar í flestum meginatriðum og áherslan á að vinna að sameiginlegum hagsmunum tónlistarmanna er varða höfundarétt.

... Það er fullt tilefni til að þakka öllum þeim meðlimum sem lögðu á sig mikla vinnu í tengslum við að útfæra nýjar samþykktir ...

Á árinu var töluverð aukning á innlendum og erlendum flutningsréttartekjum, auk þess sem heildarupphæð sem úthlutað var til rétthafa hækkaði um 25% milli ára. Þessi aukning skýrist að verulegum hluta af hækkun á verðskrárm STEFs vegna bakgrunnstónlistar, sem kom til framkvæmda á síðasta ári og skilar sér nú með beinum hætti til meðlima.

Reykjavík, 23. maí 2019



Þórunn Gréta Sigurðardóttir

Formáli

Hér gefur að líta ársskýrslu STEFs sem í ár er sett upp á nokkuð nýjan hátt og með ýmsum viðbótarupplýsingum sem tilskipun ESB um sameiginlega umsýslu um höfundarétt gerir ráð fyrir að séu birtar og er nú einnig mælt fyrir um í samþykktum STEFs. Þetta er því um leið fyrsta gegnsæisskýrsla STEFs. Í skýrslunni er að finna helstu verkefni og stefnumál STEFs á árinu 2018, lykiltölur úr rekstri og nákvæmt yfirlit yfir úthlutanir STEFs. Þá er hér einnig að finna yfirlit yfir stjórnskipan STEFs og upplýsingar um þá sem STEF hefur tilnefnt í hinar ýmsu nefndir og ráð, svo og þá sem gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir samtökin.

Starf stjórnar frá maí 2018 til maí 2019

Í stjórn STEFs á liðnu starfsári áttu sæti:

Pórunn Gréta Sigurðardóttir, formaður
Bragi Valdimar Skúlason, varaformaður
Jakob Frímann Magnússon
Hjálmar H. Ragnarsson
Sigurður Flosason
Páll Ragnar Pálsson
Óttarr Ó. Proppé

- Varamenn í stjórn voru Þuríður Jónsdóttir, Margrét Kristín Sigurðardóttir, Helgi Björnsson, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Gunnar Andreas Kristinsson og Salka Sól Eyfeld.
- Á starfsárinu voru haldnir alls 10 stjórnarfundir auk þess sem stjórnin hélt sérstakan stefnumótunarfund í Grímsnesi þann 24. september 2018.
- KPMG vann á árinu skýrslu fyrir STEF um stjórnarhætti og vann um leið starfslýsingar fyrir skrifstofu STEFs. Margar af þeim ábendingum sem fram komu í skýrslunni tengdust því að stjórn hafði ekki sett sér starfsreglur. Í framhaldinu var skipuð nefnd til að fara yfir skýrsluna og vinna tillögur að starfsreglum stjórnar, sem voru síðan samþykktar af stjórn.

Fyrir utan hinar nýju starfsreglur stjórnar samþykkti stjórn STEFs á starfsárinu eftirfarandi stefnumótandi reglur:

- Reglur um tölvupóstsnotkun starfsmanna STEFs
- Jafnréttisstefnu skrifstofu STEFs
- Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni o.fl. fyrir skrifstofu STEFs
- Verklagsreglur um veitingu heiðursmerkja STEFs
- Verklagsreglur Ferðasjóðs STEFs
- Breytingar voru gerðar á verklagsreglum stjórnar Nótnasjóðs, til að styðja við fjölbreyttari verkefni og þá sérstaklega útsetningar

Fulltrúaráð STEFs

Ekki var kosið í fulltrúaráð þetta árið, en næst verður kosið vorið 2020. Þeir sem nú skipa ráðið eru:

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (formaður)
 Björgvin Halldórsson
 Óttarr Proppé
 Páll Ragnar Pálsson
 Salka Sól Eyfeld
 Snorri Helgason
 Sigurður Rúnar Jónsson
 Bragi Valdimar Skúlason
 Jakob Frímann Magnússon
 Sigurður Flosason
 Hafdís Huld Þrastardóttir

Sóley Stefánsdóttir
 Gunnar Þórðarson
 Þórir Baldursson
 Þórunn Gréta Sigurðardóttir
 Atli Ingólfsson
 Gunnar Andreas Kristinsson
 Hafdís Bjarnadóttir
 Hildigunnur Rúnarsdóttir
 Hjálmar H. Ragnarsson
 Lárus Grímsson

Aðalfundur fulltrúaráðsins var haldinn þann 9. júní 2018, en auk þess fundaði fulltrúaráðið þann 8. maí og 15. október. Fundirnir einkenndust mjög af umræðum um drög að breytingum á samþykktum STEFs, en hér að neðan er getið um helstu breytingar.


Haldinn var opinn fundur fyrir meðlimi STEFs og aðra áhugasama í framhaldi af aðalfundi fulltrúaráðs STEFs, þar sem kynnt var ársskýrsla og ársreikningur samtakanna.

Í framhaldi af breytingum á samþykktum STEFs voru gerðar umfangsmiklar breytingar á aðildarsamningi STEFs og voru þær sérstaklega kynntar meðlimum.

Breytingar á samþykktum STEFs

Viðamiklar breytingar voru samþykktar á samþykktum STEFs á starfsárinu eftir áralangan undirbúning. Hér að neðan er að finna upptalningu á helstu breytingunum, en þó er ekki um tæmandi upptalningu að ræða:

- Nafn samtakanna breytist í STEF (ekki er lengur um skammstöfun að ræða).
- Tilgangur og hlutverk STEFs var endurorðað og breytt í samræmi við eiginlega starfsemi samtakanna.
- Hlutverk aðildarféлага og staða þeirra í stjórnskipan STEFs var skýrð betur.
- Aðild að STEFi var skýrð betur, sem og hvað í henni felst.
- Breytingar voru gerðar á því hvernig stjórnarkjör fer fram. Fleiri stjórnarmenn eru nú kjörnir af fulltrúaráði en áður.
- Breyting var gerð á kjöri stjórnarformanns og varaformanns. Eru þessir aðilar nú kjörnir af stjórn.
- Ný grein kom inn um kjörstjórn og hlutverk hennar.
- Ný grein kom inn um hvernig framboð í stjórn fara fram og þá sérstaklega um þær upplýsingar sem fylgja skulu stjórnarframboði til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- Skýrari reglur voru settar um boðun stjórnarfunda.



- Ný grein kom inn um þann starfsramma sem fulltrúaráði er ætlað að setja stjórn.
- Ný grein kom inn um gegnsæisskýrslu sem stjórn skal útbúa árlega.
- Skýrari reglur voru settar um varamenn stjórnar.
- Ný grein kom inn um hugsanlegan hagsmunaárekstur framkvæmdastjóra.
- Breytingar voru gerðar á skipan fulltrúaráðs á þann hátt að nú eru 19 af 21 fulltrúa kjörnir af meðlimum samtakanna og ný ákvæði um það hversu margir fulltrúar skuli vera meðlimir í öðru hvoru aðildarfélaganna svo og utan þeirra.
- Skýrari reglur voru settar um atkvæðisrétt erfingja höfundaréttar.
- Breytingar voru gerðar á lágmarks höfundaréttargreiðslum til að fara með atkvæði, um leið og hver sá sem fer með atkvæðisrétt fær að lágmarki þrjú atkvæði og allt upp í 15 atkvæði. Ákvæði þetta gefur þeim sem taka þátt í kjörinu möguleika á að kjósa fleiri fulltrúa en áður.
- Mögulegt skal vera að greiða atkvæði í fulltrúaráðskosningu á rafrænan hátt.
- Ný grein kom inn um lágmarkspátttöku á fulltrúaráðsfundi svo fulltrúaráðið sé ályktunarbært.
- Skýrari reglur voru settar um formann fulltrúaráðsins.
- Ný grein kom inn um það hvernig fara skuli með kvörtun um störf stjórnar STEFs og hvernig hægt sé að skjóta slíkum erindum til fulltrúaráðs.
- Ný grein kom inn um boðun varamanna fulltrúaráðs, þar sem hver og einn fulltrúi ber ábyrgð á að boða varamann sinn. Komist varamaður ekki á fundinn er heimilt að veita öðrum fulltrúa umboð til að sækja viðkomandi fund.
- Skýrari reglur voru settar um Menningarsjóð STEFs.
- Ný grein kom inn um möguleikann á að framselja eingöngu réttindi til STEFs í ákveðnum réttindaflokkum.
- Ný grein kom inn um möguleikann á að segja sig úr samtökunum.
- Ný grein kom inn um að rétthafar geti sjálfir veitt leyfi fyrir notkun verka sinna í góðgerðarskyni með ákveðnum skilyrðum.
- Ný grein kom inn um hvernig kvartanir meðlima skuli meðhöndlaðar og úrskurðarnefnd sem taki við slíkum kvörtunum.
- Ný grein kom inn um að jafnréttissjónarmiða skuli gætt við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum STEFs.
- Ný grein kom inn um skyldu stjórnar til að halda eigi sjaldnar en árlega opinn félagsfund.

Ytra umhverfi – umsagnir STEFs til Alþingis

- STEF skilaði inn umsögn um frumvarp Alþingis til breytinga á skattalögum, hvað varðar skattlagningu höfundaréttartekna. STEF fagnaði því mjög að umrætt frumvarp hafi verið unnið af hálfu fjármálaráðuneytisins og að það hafi verið lagt fram á Alþingi, enda um að ræða baráttumál STEFs til margra ára. Þegar þetta er ritað er ekki ljóst hver afdrif frumvarpsins verða á Alþingi.

Um er að ræða réttlætismál fyrir tónhöfunda, sem oft eru í mjög mismunandi aðstöðu að geta talið fram kostnað á móti skattstofni til greiðslu hefðbundins tekjuskatts. Ef frumvarp þetta verður að lögum mun það ekki síst gagnast þeim tónhöfundum sem eru að hefja feril sinn og eru t.d. ekki að reka upptökustúdíó og hafa því takmarkaða möguleika á að telja fram kostnað á móti höfundaréttartekjum. Sérstaklega er óeðlilegt að erfingjar höfundaréttar þurfi að greiða tekjuskatt af þeim höfundarétti sem þeir hafa erft, á meðan erfingjar ýmissa annarra eigna greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sem hlýst af þeim eignum.

Rétt er að koma því á framfæri í þessu sambandi, að þetta mál getur haft mjög mikil og jákvæð áhrif á samkeppnisstöðu STEFs við erlend höfundaréttarsamtök. Nái frumvarpið fram að ganga getur löggjöf þessi orðið eitt af því sem skiptir máli þegar íslenskir tónhöfundar velja hvert erlendar höfundaréttartekjur þeirra renni og á þann hátt haft jákvæð áhrif á greiðsluflæði til STEFs og þar með til Íslands almennt.

- STEF skilaði inn umsögn um frumvarp Alþingis um sameiginlega umsýslu höfundaréttar. STEF hafði á fyrri stigum við vinnslu frumvarpsins lýst þeirri skoðun, að um sé að ræða löggjöf sem bæði er íþyngjandi og kostnaðarsöm fyrir íslensk rétthafasamtök sem fara með umsýslu höfundaréttar og sem undantekningarlaust teljast mjög smá á alþjóðlegan mælikvarða.

Kostur frumvarpsins er þó sá, að með því regluverki sem þar er mælt fyrir um mun traust á umsýslustofnanir með höfundarétt vonandi aukast. Var því sérstaklega fagnað að frumvarpið leggur mikla áherslu á lýðræði í ákvörðunartökum og gegnsæi í störfum slíkra stofnana.

STEF hefur nú þegar gert umfangsmiklar breytingar á samþykktum sínum til að uppfylla skyldur frumvarpsins og eru þar með fyrstu íslensku samtökin til að uppfylla kröfur þeirrar tilskipunar sem frumvarpið byggir á.

STEF kom því þó sérstaklega á framfæri að orðalag frumvarpsins er almennt mjög óaðgengilegt og jafnvel óskiljanlegt og ekki í samræmi við almennt orðfæri sem tíðkast á þessu sviði. Slíkt hamli mjög skilningi þeirra sem sýsla eiga með þessi lög og getur komið í veg fyrir að lögin nái að fullu markmiði sínu.

- STEF skilaði inn sameiginlegri umsögn með fleiri rétthafasamtökum um frumvarp Alþingis er varðar breytingu á lögum um rafræn viðskipti, þar sem því var mótmælt að breyta núgildandi ákvæðum um skyldu hýsingaraðila til að fjarlægja efni að beiðni rétthafa skv. ákveðnum ferlum.
- STEF skilaði inn umsögn um frumvarp Alþingis til breytinga á höfundalögum er varða sjálfvirka gagnagreiningu, þar sem því var mótmælt að íslensk lög myndu ganga lengra í að leyfa slíka gagnagreiningu á höfundaréttarvörðu efni en gert er ráð fyrir í endurskoðun ESB á samsvarandi löggjöf.

Helstu verkefni starfsársins

Hugbúnaðarmál og þróun

Á árinu 2018 var í fyrsta sinn ráðinn til STEFs sérstakur verkefnisstjóri hugbúnaðarþróunar, Hilmar Kári Hallbjörnsson, og er hann í 50% starfi. Þau verkefni sem snúa að hugbúnaðarþróun og STEF hefur einbeitt sér að á árinu byggjast á þarfagreiningu sem STEF fór í og hafa helstu verkefni þar sem af er starfsárinu verið eftirfarandi:

- Uppfærsla gagnagrunnskerfis STEFs .
- Yfirfærsla heimasíðu yfir í annað vefumsjónarkerfi, sem auðveldar sjálfvirkni í skráningum verka og tónleika.
- Sjálfvirkari skráning verka í ICE-gagnagrunninn.
- Umsókn til Tækniþróunarsjóðs vegna bálkakeðjukerfis (e: Block Chain).



HR-hópurinn kynnr lokaverkefnið 21.5. 2019

Sérstaklega má geta þess að nemendur í tölvunarfræði við HR unnu undir leiðsögn Hilmars að uppfærslu gagnagrunnskerfis STEFs, en um var að ræða lokaverkefni þeirra til BS-gráðu. Verkefnið fól í sér að færa gagnagrunn STEFs úr MSSQL 2008 yfir í MSSQL 2016, ásamt því að þróa nýtt notendaviðmót. Hinn nýi gagnagrunnur er vefbásinn (e. web based), þannig að hann verður aðgengilegur hvar sem er, en ekki aðeins á sérstökum tölvum, eins og áður var. Til gamans má geta, að hópurinn hlaut sannkallaða úrvalseinkunn fyrir verkefnið: 9,5. Tveir úr HR-hópnum munu starfa fyrir STEF í sumar og halda áfram með verkefnið, en sú vinna mun fela í sér ýmsar breytingar og viðbætur fyrir nýja kerfið, en hið gamla far farið að líða mjög fyrir það að ekki var unnt að þróa það áfram.

STEF aftur á Laufásveginn

Sem kunnugt er hófust framkvæmdir á húsnæði STEFs haustið 2017. Upphafið má rekja til raka í útveggjum en rannsókn leiddi í ljós að mikla myglu var víða að finna. Meginorsökin var óþétt umgjörð um glugga, sem þrátt fyrir að hafa á sínum tíma verið mjög vandaðir, voru hreinlega orðnir of gamlir. Auk þess kom í ljós að frágangur á dreni var ekki viðunandi. Við þetta ástand var auðvitað ekki búandi og var ráðist í endurbætur; gluggar og póstar endurnýjaðir, þakkantar og svalir endursteyptar, rennur endurnýjaðar og ýmislegt fleira lagfært í leiðinni. Þeir kostir voru skoðaðir að selja húsið og finna nýtt varanlegt húsnæði, en að athuguðu máli var það mat og vilji stjórnar að halda í húsnæðið við Laufásveg. Viðgerðum og endurbótum lauk í október 2018 og í nóvember flutti starfsemi STEFs aftur á Laufásveg 40, eftir ríflega árs dvöl í Ármúla. Flutningarnir gengu hratt og vel og er starfsfólkið hæstánægt með þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið innanhúss. Stjórn STEFs og starfsfólk hlakkar til að taka á móti meðlimum í endurbættu húsnæði, sem þó hefur ekkert misst af þeirri góðu sál sem ávallt hefur ríkt í húsinu.



Ný úthlutun miðsumars



Sem kunnugt er hefur úthlutunum fjölgað smátt og smátt í gegnum tíðina, enda er það stefna STEFs að koma fjármunum til rétthafa svo fljótt sem auðið er. Á undanförunum árum höfum við úthlutað 11 sinnum yfir árið; tvisvar fyrir tónleika, fjórum sinnum fyrir sölu hljóðrita og á netinu, fjórum sinnum fyrir flutning erlendis og að lokum hin s.k. aðalúthlutun í desember. Meginreglan er að í aðalúthlutun er úthlutað fyrir opinberan flutning innanlands, sem tekur til flutnings tónlistar ársins á undan,

sem þýðir um leið að alllangur tími getur liðið frá flutningi til úthlutunar.

Nokkuð er síðan STEF setti sér það markmið að auka þjónustu við rétthafa og bæta við úthlutun fyrir opinberan flutning innanlands, sem yrði að öðru jöfnu greidd út á miðju ári. Þessi nýja úthlutun, sem nefnd hefur verið *Aðalúthlutun – fyrri hluti*, kom í fyrsta skipti til framkvæmdar s.l. sumar og var greidd út í júlíbyrjun. Hún verður að óbreyttu fastur liður í úthlutunarferli STEFs í framtíðinni. Desemberúthlutunin verður framvegis einkennd sem *Aðalúthlutun – seinni hluti*, en hún mun einnig innihalda hluta opinbers flutnings, ásamt sjónvarpshluta og öðrum hefbundnum úthlutunarliðum, s.s. bakgrunnstónlist, frumflutningsálagi, o.s.frv.

Langspilið – verðlaun STEFs

Júníusi Meyvant (Unnari Gísla Sigurmundssyni) voru afhent verðlaun STEFs – Langspilið – við hátíðlega athöfn fimmtudaginn 2. maí 2019 og var viðburðinum gerð góð skil í Morgunblaðinu. Þessi verðlaun hlýtur jafnan höfundur sem talinn er hafa skarað fram úr og náð eftirtektafærðum árangri á nýliðnu ári að mati stjórnar STEFs. Sjálfur verðlaunagripurinn er sérsmíðaður fyrir af hagleiksmanninum Jóni Sigurðssyni á Þingeyri. Er þetta í fimmta skipti sem Langspilið er afhent, en fyrri verðlaunahafar eru Ólafur Arnalds, Ásgeir Trausti, Barði Jóhannsson og Hildur Guðnadóttir. Verkum Júníusar hefur m.a. verið lýst á eftirfarandi hátt: „Tónlistin er fullveðja og tilfinningaríkt þjóðlagapopp, sem er í senn



tímalaust og kunnuglegt. Alúðlegar útsetningar hans láta manni á köflum líða eins og maður sé staddur undir þykku ullarteppi við arineld í kofa hátt uppi í fjöllum eða liggjandi á funheitri sandströnd á suðlægum slóðum.“ (Tilvitnun af vefnum Ísmús). Júníus Meyvant fékk Íslensku tónlistarverðlaunin í poppi árið 2017 fyrir plötuna „*Floating Harmonies*“, með þeirri umsögn að hann hafi komið sem ferskur stormsveipur inn á íslensku tónlistarsenuna með framúrskarandi lagasmíðum, sem náð hafa mikilli útbreiðslu og spilun. Var hann alls tilnefndur til fimm verðlauna þetta ár, en árið 2014, þegar Júníus kom fyrst fram á sjónarsviðið, hlaut hann sömu verðlaun fyrir lag ársins og var einnig útnefndur bjartasta vonin.



Heiðursmerki STEFs

Magnús Þór Sigmundsson, sem s.l. haust fagnaði 70 ára afmæli, var sæmdur heiðursmerki STEFs á glæsilegum afmælistónleikum, sem fram fóru í Háskólabíói þann 15. nóvember 2018. Magnús hefur á liðnum áratugum verið einn farsælasti og afkastamesti höfundur landsins. Við sama tækifæri hlaut hann heiðursveðlaun FTT, þannig að sannarlega má segja að Magnús hafi gengið vel sæmdur og skarti skráddur af sviði.

Stórsigur höfunda í baráttunni við tæknirisana!

STEF lagði sitt af mörkum í þeirri baráttu sem höfundar í Evrópu hafa staðið í undanfarin misseri og snýst um kröfu um að í nýrri tilskipun ESB um höfundarétt væri ákvæði um að þjónustuveitum á netinu sem dreifa höfundaréttarvörðu efni verði gert skylt að semja við höfundana um notkun þess. Hafa sumir haft á orði að tæknirisunum hafi á undanförnum árum tekist að trampa niður réttindi höfunda, en nú sé kominn tími á að leiðrétta kúrsinn. Safnað var tugum þúsunda undirskrifa til stuðnings málinu og víst er að margir hérlendir höfundar lögðu lóð á þá vogarskál.

Sumir hafa haldið því fram, að kröfur höfunda hafi í för með sér ritskoðun og að fyrirhuguð löggjöf muni m.a. hafa áhrif á s.k. „memes“ eða „gifs“ myndskreið. Það er alrangt, því tilskipunin mun ekki hafa nein áhrif í þá veru. Einungis er verið að krefjast þess að þjónustuveiturnar greiði sanngjarnt endurgjald fyrir notkun efnis. Í þessu sambandi er einnig vert að hafa í huga að tónlistarveitur sem byggðar eru upp á áskriftargjöldum eru í mjög ósanngjarnri samkeppni við þær veitur sem ekki krefjast greiðslu fyrir efnið sitt (t.d. YouTube) og hafa skýlt sér á bak við ákvæði tilskipunar ESB um „ábyrgðarleysi milliaðila“, sem var þó ávallt hugsuð fyrir fjarskiptafyrirtæki, en ekki þjónustuveitur sem hafa það að markmiði að dreifa höfundaréttarvörðu efni.

Skemmst er frá því að segja, að þann 12. september 2018 afréð Evrópuþingið að hafa þessi ákvæði með í tilskipuninni. Það er vitaskuld stórsigur fyrir höfunda í Evrópu, en talið er að þetta muni hafa víðtækari áhrif. Það er óhætt að óska höfundum til hamingju með þennan áfanga.



Íslensku tónlistarverðlaunin

STEF stendur að Íslensku tónlistarverðlaununum ásamt SFH undir merkjum Samtóns. Voru þau afhent við hátíðlega athöfn í Hörpu þann 13. mars 2019. *GDRN, Víkingur Heiðar, Auður, Karl Olgeirsson, Valdimar, Jónas Sig og JóiPé og Króli* fengu flest verðlaun, en *Jón Ásgeirsson* hlaut heiðursverðlaun ÍTV að þessu sinni.



Dagur íslenskrar tónlistar

Dagur íslenskrar tónlistar var haldinn þann 6. desember. *Margeir Steinar Ingólfsson* (DJ Margeir) sá um framkvæmd dagsins ásamt teymi sínu í Hugsmiðjunni og fórst verkið vel úr hendi. Að vanda voru þrjú lög flutt í beinni útsendingu á nokkrum útvarpsstöðvum, lögin *Vikivaki* eftir *Valgeir Guðjónsson*, *Hossa hossa* (Amabadama) eftir *Magnús Jónsson*, *Sölku Sól Eyfeld* og *Steinunni Jónsdóttur* og *BOBA* (Jói P & Króli) eftir *Þormóð Eiríksson*, *Kristinn Óla Haraldsson*, *Jóhannes Patreksson* og *Starra Snæ Valdimarsson*. Samtónn veitti við þetta tækifæri nokkrar viðurkenningar; nýsköpunarverðlaun til útvarpsstöðvarinnar *Útvarp 101*, en stefna hennar er að helmingur efnis sé flutt af konum og jafnframt að helmingur efnis sé íslenskt, *Þorkell Máni* á útvarpsstöðinni X-inu fékk hvatningarverðlaun og verðlaunin *Gluggann* hlaut þátturinn *Vikan með Gísli Marteini* á RÚV. Að lokum hlaut útvarpsmaðurinn **Pétur Grétarsson** heiðursverðlaun Samtóns fyrir vandaða og innihaldsríka umfjöllun um íslenska tónlist í útvarpi um langa hríð.



Sigur í Hæstarétti – ólöglegt dreifing

Þann 18. október 2018 féll dómur Hæstaréttar í tveimur málum STEFs gegn Símafélaginu annars vegar og Hringiðunni hins vegar. Hafði STEF sigur í báðum málum og var hvorum aðilanum fyrir sig gert að greiða 1,5 milljón kr. í málskostnað. Þar með er loks lokið lotu lögbannsmála gegn fjarskiptafyrirtækjum vegna vefsvæðanna Pirate Bay og Deildu.net. Ljóst er hins vegar að rétthafasamtökin sem saman stóðu að málaferlunum vilja gjarna láta reyna á fordæmisgildi dómsins og óska eftir lokun fleiri ólögðætra svæða hjá fjarskiptafyrirtækjunum.

Með dóminum fékkst í fyrsta sinn afdráttarlaus niðurstaða Hæstaréttar um skyldu fjarskiptafyrirtækja að loka fyrir aðgengi að ólöglegum vefsvæðum vegna höfundaréttarbrota og viðurkenning á því að slík lokun telst ekki brot á atvinnufrelsi né tjárningarfrelsi stjórnskrárinnar.

Viðburðir af ýmsum toga

Námskeið – kórútsætningar

STEF, Tónverkamiðstöð og Tónskáldafélag Íslands stóðu á haustdögum 2018 fyrir námskeiði í kórútsætningum. Tónskáldin, „kórnrörðin“ og tónlistarfólkið *Hildigunnur Rúnarsdóttir* og *Gunnar Ben* leiðbeindu áhugasömum um hvernig skuli bera sig að með að útsetja uppáhaldslög fyrir kóra. Snert var á alls konar kórtýpum og tónlistartegundum, raddsviði, hvernig skuli setja upp nóturnar og hvað helst skuli varast.

Vinnustofur með tónlistarráðgjöfum

Í samstarfi við ÚTÓN hélt STEF tvær vinnustofur með erlendum tónlistarráðgjöfum (e. music supervisors) þann 7. nóvember 2018. Þessar vinnustofur hafa verið haldnar árlega samhliða Iceland Airwaves og verið ákaflega vinsælar, en þar geta tónhöfundar kynnst persónulega erlendum tónlistarráðgjöfum sem vinna við að koma tónlist í erlenda sjónvarpsþætti og kvikmyndir. Þetta er ómetanlegt tækifæri fyrir höfunda til að tengja sig við aðila og leyfa þeim að heyra brot af tónlistinni sinni. Íðulega komast færri að en vilja og ábyggilegt er að framhald verði á í haust. Þá voru haldnar minni vinnustofur þann 8. nóvember með nokkrum höfundum sem komu fram á Iceland Airwaves og tónlistarráðgjafarnir höfðu sérstaklega óskað eftir að fá að kynnst betur.

Smellasmíði

Þann 10. janúar 2019 stóðu STEF og ÚTÓN fyrir vinnustofu í poplagasmíðum. Leiðbeinendur voru þau **Jón Jónsson** og **Hildur** (Kristín Stefánsdóttir), sem bæði hafa á tiltölulega skömmum tíma náð góðum árangri sem lagasmíðir. Á vinnustofunni fóru þau yfir helstu þætti þess að skapa popplög og texta, auk þess sem þátttakendur fengu handleiðslu í að þróa áfram eigin hugmyndir. Ungir og efnilegir höfundar höfðu forgang fram yfir reyndari höfunda og var vinnustofan mjög vel sótt, svo vel að líklegt er að framhald verði á. Vinnustofan var síðan endurtekin á Akureyri þann 1. mars í samstarfi við Tónlistarskóla Akureyrar.



Námskeið um tónlistarforleggjara

Dagana 16. og 17. febrúar 2019 héldu ÚTÓN og STEF námskeið um tónlistarforleggjara (e. publishers). Farið var yfir grunnatriði er varða slíka forleggjara, sem gagnlegt er að þekkja, jafnt fyrir tónlistarmenn, höfunda og umboðsmenn. Meðal annars var rætt um það hvert hlutverk tónlistarforleggjara er og hvaða þjónustu þeir eiga að veita, eins hvernig þeir koma að leyfis- og hljóðsetningarsamningum (e. sync). Farið var yfir samninga við tónlistarforleggjara og hvað beri að varast í þeim efnum. Þá var rætt um samvinnu höfunda (e. co-writing) og það, hverju tónlistarmenn eigi að leita eftir þegar þeir velja sér tónlistarforleggjara, t.d. hver sé munurinn á að vera hjá stórum forleggjara sem oft er tengdur tiltekinni útgáfu eða hjá sjálfstæðum forleggjara. Fyrirlesara voru *Monica Ekmark* (Föreningen svenska tonsättare), *Kerstin Mangert* (Arctic Rights Management), *Pam Lewis-Rudden* (Plutonic Group), *Colm O'Herlihy* (Bedroom Community), *Guðrún Björk Bjarnadóttir* (framkv.stj. STEFs), *María Rut Reynisdóttir* (Reykjavík tónlistarborg), *Atli Örvarsson* (kvikmyndatónskáld) og tónlistafólkið *Sóley Stefánsdóttir* og *Ben Frost*.

Tilbúin(n) til útflutnings?

Þann 1. mars 2019 héldu STEF og ÚTÓN sameiginlegan fund með norðlensku tónlistarfólki á Akureyri. Yfirskrift fundarins var „Hvað þarftu að hafa til að verða útflutningshæfur?“ Leitað var svara við því hvernig ÚTÓN getur aðstoðað þegar menn hyggja á útflutning. Eins var farið yfir greiðsluflæðið frá tónlistarveitum á netinu og það hvernig STEF getur hjálpað höfundum að hámarka tekjur sínar á þeim vettvangi.

Textagerð á ensku - vinnustofa

Þann 28. mars 2019 stóð STEF fyrir vinnustofu um textagerð á ensku með þeim *Jelenu Ciric* og *Shawn Clarke*. Það, að hafa texta á ensku, getur verið lykillinn að því að koma lögum sínum á erlenda markaði. Þrátt fyrir að Íslendingar tali almennt ágæta ensku, þá getur verið flóknara að skrifa góða texta á tungumáli sem ekki er móðurmálið. Jelena og Shawn fóru yfir margt sem getur truflað íslenska lagahöfunda þegar þeir skrifa texta á ensku og þótti námskeiðið vel lukkað.

Tengd félög – nefndir og ráð

- STEF er aðili að IHM (Innheimtumiðstöð rétthafa), sem eru hagsmunasamtök 11 höfundaréttarsamtaka og sem annast innheimtu og úthlutun á gjaldi vegna eintakagerðar til einkanota svo og gjaldi fyrir endurvarp sjónvarps. Í stjórn IHM sitja fyrir hönd STEFs, *Guðrún Björk Bjarnadóttir* og *Jakob Frímann Magnússon*. Ásamt þeim situr svo *Þórunn Gréta Sigurðardóttir* í fulltrúaráði IHM.
- STEF á aðild að Fjölís, sem er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum er njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósrítun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Í stjórn Fjölís fyrir hönd STEFs situr *Páll Ragnar Pálsson*. Í fulltrúaráði Fjölís situr *Guðrún Björk Bjarnadóttir*.
- STEF á aðild ÚTÓN sem rekur útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar. *Páll Ragnar Pálsson* situr í stjórn ÚTÓNs fyrir hönd STEFs.
- STEF á aðild að Samtóni, sem er samstarfsvettvangur STEFs og SFH (Samtaka flytjenda og hljómplötuframleiðenda). Stærstu verkefni Samtóns eru að halda *Íslensku tónlistarverðlaunin* og *Dag íslenskrar tónlistar*. Fulltrúar STEFs í stjórn Samtóns voru *Guðrún Björk Bjarnadóttir* og *Þórunn Gréta Sigurðardóttir* auk *Jakobs Frímanns Magnússonar*. Samtónn skipar sérstaka stjórn fyrir íslensku tónlistarverðlaunin. Í stjórninni sitja *Margrét Eir Hjartardóttir*, *Jóhann Ágúst Jóhannsson* og *Kristján Freyr Halldórsson*. Kristján er tilnefndur í þessa stjórn af hálfu STEFs.
- Í stjórn Upptökusjóðs STEFs sitja *Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson*, *Oliver Kentish*, *Ragnheiður Gröndal* og *Arnar Freyr Frostason*.
- Í stjórn Nótasjóðs STEFs sitja *Tryggvi M. Baldvinsson*, *Gunnar Þórðarson*, *Hafðís Bjarnadóttir* og *Ólafur Arnalds*. Á síðasta starfsári komu *Úlfar Ingi Haraldsson* og *Hildigunnur Rúnarsdóttir* inn sem varamenn í stjórnina.
- Í stjórn Ferðasjóðs STEFs sitja *Lárus Grímsson* og *Rósa Birgitta Ísfeld*.
- Í stjórn Tónskáldasjóðs RÚV og STEFs sátu fyrir hönd STEFs þeir *Veigar Margeirsson* og *Ríkharður H. Friðriksson*, en auk þeirra situr útvarpsstjóri í stjórninni.
- Í stjórn Tónskáldasjóðs Bylgunnar og Stöðvar 2 sitja fyrir hönd STEFs þau *Bragi Valdimar Skúlason* og *Þórunn Gréta Sigurðardóttir*, en auk þeirra situr forstjóri Sýnar í stjórninni.
- Í stjórn Tónmenntasjóðs kirkjunnar situr fyrir hönd STEFs *Hildigunnur Rúnarsdóttir* og er *Gunnar Andreas Kristinsson* varamaður hennar.
- Í stjórn Loftbrúar, samstarfsverkefni STEFs, Reykjavíkurborgar o.fl. situr *Jakob Frímann Magnússon*.
- Fyrir hönd STEFs situr í Höfundaréttarráði *Karólína Eiríksdóttir*.
- Í hinni íslensku dómnefnd *Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna*, sitja þau *Pétur Jónsson*, *Hilmar Oddsson*, *Margrét Örnólfsdóttir*, *Hilmar Örn Hilmarsson* og *Guðrún Björk Bjarnadóttir*. STEF annast umsýslu þessara verðlauna fyrir hönd Íslands.
- Matsmenn STEFs eru þeir *Hallur Ingólfsson* og *Ingi Garðar Erlendsson*.
- Í úthlutunarnefnd á starfsárinu sátu *Guðrún Björk Bjarnadóttir*, *Stefán Hilmarsson*, *Einar Hafliði Einarsson* endurskoðandi og *Gísli Kristjánsson*.
- Undirnefndir vegna úthlutunar eru þrjár og í þeim sátu:
Sígræna nefndin: *Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson*, *Árni Harðarson* og *Lára Rúnarsdóttir*.
DMB-nefndin (dansleikir, mannfagnaðir, bakgrunnstónlist): *Hreimur Örn Heimisson*, *Stefanía Svavarsdóttir* og *Sveinbjörn Pálsson*.
Nefnd um kirkjulegar athafnir: *Óskar Einarsson*, *Regína Ósk Óskarsdóttir* og *Þórir Úlfarsson*.

Menningarsjóður

STEF styrkir innlenda menningarstarfsemi á ýmsan hátt í gegnum Menningarsjóð STEFs. Ekki er þó hægt að sækja um styrki í þennan sjóð, heldur styrkir hann föst verkefni samkvæmt ákvörðun stjórnar STEFs hverju sinni. Í samræmi við samþykktir STEFs skal af því fé sem samtökin innheimta greiða fyrst opinber gjöld og síðan allan rekstrarkostnað, en af því sem þá verður eftir skal af innlendum tekjum greiða allt að 10% til Menningarsjóðs STEFs, eftir nánari ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs samtakanna. Úr þeim sjóði er heimilt samkvæmt ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs á ári hverju að úthluta fé til starfsemi aðildarfélaga STEFs. Skulu félögin eiga jafnan rétt til úthlutunar, enda sé fjármununum varið til sambærilegrar starfsemi. Öll ráðstöfun fjár úr Menningarsjóði skal vera gegnsæ og tilgreind í ársreikningi samtakanna og skulu aðildarfélögin gera sérstalega grein fyrir ráðstöfun úthlutaðs fjár.

Tillag í Menningarsjóð nam 35 milljónum króna árið 2018 og var fjárhæðin óbreytt milli ára. Af menningarframlaginu var úthlutað kr. 19.961.684 til *Félags tónskálda og textahöfunda* og *Tónskáldafélags Íslands*. Greinargerðir þeirra um ráðstöfun á framlaginu er að finna hér að neðan. Sundurgreining á notkun fjár úr Menningarsjóði kemur fram í ársreikningi og er sem hér segir:

Menningarsjóður:	2018	2017
Staða í ársbyrjun.....	429.873	754.721
Framlag STEFs.....	35.000.000	35.000.000
Til úthlutunar:	35.429.873	35.754.721
Tillag til TÍ.....	7.782.908	8.587.356
Tillag til FTT.....	7.782.908	8.587.356
Sértillag til TÍ v. framkvæmda á Laufásvegi 40.....	2.197.934	0
Sértillag til FTT v. framkvæmda á Laufásvegi 40.....	2.197.934	0
Framlag v. Samtóns.....	700.000	659.439
Framlög v. ÍTV.....	3.533.626	3.901.554
Framlag v. Reykjavík loftbrú.....	0	1.500.000
Framlag v. ÚTÓN.....	2.200.000	2.133.490
Framlag í Upptökusjóð.....	4.000.000	4.000.000
Styrkir stjórnar.....	1.000.000	2.700.000
Önnur framlög og kostnaðarþáttaka.....	622.937	2.861.730
Menningarnótt, tónleikar.....	0	393.923
Úthlutað á árinu:	32.018.247	35.324.848
Staða í árslok:	3.411.626	429.873

Ráðstöfun menningarframlags STEFs af hálfu aðildarféлага 2018

Greinargerð frá Félagi tónskálda og textahöfunda (FTT)

Menningarframlag STEFs 2018:	7.358.004	Útgjöld:	
		Laun og launatengd gjöld	5.426.001
		Rekstur sameignar	724.904
		Sími og tónlistarveitur	104.325
		Viðhald áhalda og tækja	39.500
		Pappír, prentun og ritföng	23.065
		Tölvukerfi	240.011
		Auglýsingar	298.589
		Endurskoðun, bókhald	441.068
		Aðildagjöld, árgjöld	183.020
		Risna og gjafir	54.500
		Ferðakostnaður og dagp.	461.141
		Kostn.v.viðburðahalda	1.249.960
		Samtals:	9.246.084

Greinargerð frá Tónskáldafélagi Íslands (TÍ)

Menningarframlag STEFs til Tónskáldafélags Íslands er að mestum hluta ráðstafað til daglegs reksturs Tónskáldafélagsins, t.d. kostnað við hýsingu vefsíðu, kostnað við frágang bókhalds og gerð ársreikninga, almenns skrifstofukostnaðar, þátttöku í alþjóðasamstarfi, kostnað við að halda úti stjórn og greiða formanni þóknun fyrir framkvæmdastjórnastörf. Allur afgangur og öll framlög frá STEFi umfram mánaðarlegt rekstrarframlag rennur til reksturs tónlistarhátíðarinnar Myrkra músíkdaga. Það skal einnig tekið fram að framkvæmdastjórnastörf formanns eru að stórum hluta vinnuframlag við Myrka músíkdaga. Á fimm ára fresti bætist síðan ofan á hátíðarreksturinn, því þá eru Norrænir músíkdagar haldnir hér á landi. Tónskáldafélagið ber ábyrgð á rekstri þeirra og fjármagnar hátíðina að fullu í hvert sinn. Árið 2016 voru Norrænir músíkdagar haldnir á Íslandi og þyngdi það róður Tónskáldafélagsins verulega, vegna þess að menningarframlag STEFs er eina fasta fjárstreymi til félagsins. Þó nokkurt tap var á rekstri hátíðarinnar, en ágætlega gengur að vinna félagið út úr því. Fjármögnun fyrir Norræna músíkdaga 2021 er nú þegar hafin.

Um Myrka músíkdaga

Myrkir músíkdagar er einn mikilvægasti vettvangur framsækkinnar nútímatónlistar á Íslandi. Hátíðin hefur fyrir löngu skapað sér virðingarsess í íslensku tónlistarlífi og vekur athygli langt út fyrir landsteinana. Hlutverk hátíðarinnar er að vera vettvangur til kynningar og flutnings samtímatónlistar með áherslu á nýja íslenska tónlist og flytjendur í bland við erlend verk og erlenda flytjendur. Árlega er boðið upp á fjölda ólíkra tónlistarviðburða sem endurspeglar margbreytileika tónlistar í okkar samtíma. Áhersla er lögð á frumsköpun og

tilraunastarfsemi en frumflutningur tónverka er áberandi á dagskránni. Hátíðin hefur veitt birtu inn í menningarlíf Íslendinga í mesta skammdagi ársins í 39 ár.

Porkell Sigurbjörnsson og Atli Heimir Sveinsson stofnuðu hátíðina árið 1980 í nafni Tónskáldafélags Íslands en félagið hefur staðið að hátíðinni alla tíð. Tilgangur Myrkra músíkdaga var að leggja rækt við íslenska tónlist, frumflytja ný íslensk verk auk þess að flytja erlend samtímaverk sem þóttu eiga erindi. Hátíðin hefur tekið á sig margvísleg form í gegnum árin, en samhliða fjölbreyttri tónleikadagskrá hefur verið boðið upp á ýmsa tónlistartengda viðburði, svo sem sýningu á handritum tónskálda, fyrirlestra um tónskáld og samtímatónlist o.fl. Þá hafa ný tónverk verið sérþöntuð af tónskáldum og efnt hefur verið til samstarfs um tónleikahald við félög og stofnanir. Dagskrá og heildarsvipur hátíðarinnar hefur þróast með margvíslegum hætti þótt hátíðin byggi enn í dag á þeim grunni sem lagður var árið 1980 og ákveðnar hefðir hafi myndast.

Hátíðin í dag

Hátíðin er haldin ár hvert í lok janúar og hefst iðulega síðasta fimmtudag janúarmánaðar. Markmið þess að halda hátíð í janúar er að byggja upp viðburðadagskrá þegar fátt annað er um að vera í menningarlífi landsins. Hátíðin leggur sem fyrr segir áherslu á að vera vettvangur fyrir frumsköpun og tilraunastarfsemi. Því vegur frumflutningur framsækinnar samtímatónlistar þýngst á efnisskránni ár hvert. Hlutur endurflutnings yngri íslenskra verka og erlendra verka er einnig fyrirferðarmikill.

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að efna til virkara samtals við áheyrendur í formi fræðslu og kynningar á samtímatónlist, t.d. með sýningu á handritum tónverka eins og greint var frá hér áðan, en einnig með fyrirlestrum, pallborðsumræðum, tónleikaspjalli og á síðustu árum í formi beinna fræðslutengdra viðburða. Má þar nefna sérstaklega barnatónleika ásamt fræðsluviðburðum fyrir börn, sem hafa verið fastir liðir á hátíðinni um árabil.

Viðburðir sem ekki falla innan hins hefðbundna tónleikaforms eiga iðulega sitt pláss á hátíðinni, t.d. innsetningar í opnu rými þar sem hver og einn getur gengið inn og út og notið á sinn hátt.

Hlutverk Myrkra músíkdaga í kynningu á íslenskri tónlist er ótvírætt. Á hverju ári heimsækja hátíðina fulltrúar erlendra fjölmiðla auk útgefenda og listrænna stjórnenda, hljómsveita og kammerhópa. Hún er því einnig vettvangur alþjóðlegrar tengslamyndunar, sem er afar mikilvægt fyrir íslenska tónlistarmenn, bæði tónskáld og flytjendur. Íslensk tónverkamiðstöð, Útón og Íslandsstofa hafa stutt verulega við þennan hluta hátíðarinnar. Listaháskóli Íslands hefur einnig notið góðs af þessu alþjóðlega samstarfi og hefur erlendum tónskáldum sem heimsækja skólann sem gestaprófessorar á þessum árstíma einnig verið boðið á hátíðina. Þá hafa erlendir gestir hátíðarinnar á móti farið inn í Listaháskólann og flutt erindi eða haldið vinnustofur þar. Þetta hefur skilað sér í umfjöllun í mörgum vel þekktum erlendum fjölmiðlum, m.a. á BBC, The Guardian og Neue Zeitschrift für Musik.

Ekki má gleyma þeim íslensku fjölmiðlum sem fjalla um hátíðina ár hvert. Morgunblaðið og Fréttablaðið hafa birt greinar, viðtöl, gagnrýni og almenna umfjöllun. Fréttatilkynningar og greinar birtast alla jafna í Grapevine og fleiri miðlum. Stærstur er þó óumdeilanlega hlutur Ríkisútvarpsins. RÚV hefur verið í samstarfi við hátíðina frá upphafi og valið tónleika af dagskránni til að hljóðrita og flytja á Rás 1 ásamt umfjöllun. Hátalarinn, Menningin/Kastljós og aðrir fastir þættir með áherslu á menningarumfjöllun hafa fjallað um hátíðina auk þess sem fréttastofan hefur af og til litið í heimsókn. Þá hefur þöntun tónverka á hátíðinni oft verið fjármögnuð af Tónskáldasjóði RÚV.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur verið fastur samstarfsaðili frá upphafi og hefur frá árinu 2017 haldið tvenna tónleika á hátíðinni. Listrænn stjórnandi Myrkra músíkdaga er Gunnar Karel Másson, en hann var ráðinn árið 2016.

Alþjóðasamstarf

Tónskáldafélagið er aðili að Norræna tónskáldaráðinu, NKR, sem m.a. heldur úti tónlistarhátíðinni Norrænum músíkdögum. Sú hátíð er haldin til skiptis í aðildarlöndunum, sem voru fimm allt fram til ársins 2016, en þá fékk Færeyska tónskáldafélagið sjálfstæða aðild að ráðinu. NKR fundar að jafnaði fjórum sinnum á ári, einu sinni í



tengslum við Norræna músíkdaga, en þrisvar sinnum þess utan. NKR hefur verið Tónskáldafélaginu mjög mikilvægur bakhjarl í ýmsum málum og aðild félagsins að því mikils virði.




Tónskáldafélagið er einnig aðili að ISCM, International Society for Contemporary Music, sem heldur úti hátíðinni World New Music Days. Það er árleg hátíð sem haldin er í samstarfi við eitthvert aðildarlandanna hverju sinni. Valið á því hvar hátíðin er haldinn grundvallast á umsóknum frá aðildarlöndum. Aðalfundur ISCM er haldinn samhliða hátíðinni, en hvert aðildarland hefur rétt á að senda tvo fulltrúa á aðalfundinn, einn með fullan atkvæðisrétt en annan með áheyrnarrétt og tjáningarfrelsi. Þá hefur hvert aðildarland rétt á að kynna eitt tónskáld á hátíðinni, sem fær þá eitt verk flutt og fullan þátttökurétt í öllum viðburðum. Ferðakostnaður í tengslum við þátttöku í ISCM getur því verið mjög mismunandi, eftir því hvar hátíðin er haldin hverju sinni. Almennt er fólk sammála um að þarna sé um mikilvægt alþjóðlegt tengslanet að ræða, bæði sem nýttist listinni beint en einnig menningarpólitíkinni.

Upplýsingar um meðlimi, skráningar og flutning

- Í lok ársins 2018 var fjöldi höfunda á skrá 7.189.
- Af höfundum á skrá eru 19% konur og 81% karlar.
- Nýjum höfundum fjölgaði um 243 á árinu.
- Fjöldi verka á skrá var 85.997.
- Flutningur var skráður á 13.113 verk.
- 2.137 höfundar fengu greitt fyrir flutning verka.


Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi STEFs 2018






SKIPTING REKSTRARTEKNA 2018

SAMTALS 836.477.558



SKIPTING INNLENDRA FLUTNINGSTEKNA 2018

SAMTALS 569.641.659



Upplýsingar um úthlutanir og frádráttarliði

Hér er getið sérstaklega nokkurra úthlutunar- og frádráttarliða í samræmi við tilskipun ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttargreiðslna. Að öðru leyti skal vísað í ársreikning STEFs, sem fyrir liggur á vefsíðu samtakanna (www.stef.is).

* * * * *

Úthlutunar innanlands 2018	Úthlutað 2018	Frádráttarliðir 2018
Útvarp og sjónvarp (þ.m.t. VOD)	149.413.000	17,5% kostn.hlutfall og 10% menningarframlag
<i>—Ath. að af útv. & sjónv. eru 62.570.064 kr. skilgreindar sem bakgrunnstónist</i>		
Önnur bakgrunnstónlist	11.124.000	17,5% kostn.hlutfall og 10% menningarframlag
Frumflutningur & sérstakar úthlutanir	24.755.000	0%
Annað (SÍ, kirkjur, o.fl.)	23.523.747	17,5% kostn.hlutfall og 10% menningarframlag
Lifandi flutningur innanlands	23.172.198	10% umsýslugjald
Sala á hljóðritum & streymi (NCB/NMP)	26.794.370	Af NCB: 0% / Af NMP: 10% menn.framl. og 3% umsýsl.gj.
IHM - eintakagerð til einkanota	32.395.877	17,5% kostn.hlf. & 10% menn.framl.
Flutningur erlendis	111.667.950	3% umsýslugjald
Samtals:	402.846.142	

Erlend systursamtök innheimta réttindatekjur fyrir meðlimi STEFs og greiða áfram til STEFs, sem úthlutar þeim áfram til rétthafa. Erlendar flutningsréttartekjur skiptast svo skv. ársreikningi:

Erlendar tekjur skiptust svo eftir löndum:

Argentína	189.772	Lettland	56.994
Austurríki	820.770	Litháen	244.015
Ástralía	1.862.374	Noregur	2.430.916
Bandaríkin	14.136.753	Portúgal	347.750
Belgía	2.951.142	Pólland	753.815
Bretland	21.677.484	Rúmenía	172.938
Chile	242.616	Rússland	155.524
Danmörk	6.559.566	Slóvakía	134.278
Finnland	4.249.359	Spánn	7.229.292
Holland	6.068.954	Sviss	4.006.551
Hong Kong	69.806	Svíþjóð	4.856.481
Írland	1.039.143	Tékkland	162.179
Ísrael	467.892	Thailand	55.119
Ítalía	2.352.640	Ungverjaland	169.895
Japan	2.532.329	Þýskaland	17.397.140
Kanada	1.502.882	Önnur	1.069.356
Króatía	186.339		

Aðrar tekjur en flutningstekjur

Frá SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda) þiggur STEF þóknun fyrir innheimtu SFH-gjalda samhliða innheimtu höfundaréttartekna. Þær tekjur dragast frá rekstrargjöldum áður en til frádráttar kemur frá réttindatekjum, sem og hlutdeild í úthlutun IHM vegna eintakagerðar til einkanota, sem úthlutað er saman með flutningsréttindum fyrir bakgrunnstónlist. Þá tekur STEF á móti úthlutunum nokkurra umsýslustofnana sem og umsömdum greiðslum og ráðstafar áfram með úthlutunum úr hinum ýmsum sjóðum, en af þeim úthlutnum (sértekjum) er ekki dregið rekstrar-, eða umsýslugjald, né framlag í menningarsjóð. Þessar tekjur eru tilgreindar í ársreikningi og eru:

Aðrar tekjur sem STEF fékk frá umsýslustofnunum 2018:

- 32.395.877 Úthlutun frá IHM, vegna eintakagerðar til einkanota
- 19.854.727 Innheimtuþóknun frá SFH (Samb. flytjenda og hljómplötuframleiðenda)

Sértekjur Tónmenntasjóða 2018:

- 7.173.688 Úthlutun frá FJÖLÍS (Nótnasjóður)
- 9.787.041 Úthlutun frá IHM, vegna kapalútvarps (Upptökusjóður)
- 5.950.939 Sértekjur frá RÚV (Tónskáldasjóður RUV og STEFs)
- 3.000.000 Sértekjur frá SÝN (Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2)
- 3.000.000 Sértekjur, framlag STEFs (Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2)

Ógreiddar úthlutanir við áramót 2018-2019:

- 44.653.399 Ógreitt vegna úthlutana
- 14.388.407 Ógreitt vegna NCB úthlutunar í janúar 2019
- 165.504.913 Ógreidd erlend úthlutun (STIM)



30. maí 2019